

Sumartónleikar við Mývatn 2016 - 30. starfsár
Fernir tónleikar í kirkjum sveitarinnar.
ath. að einungis er ókeypis aðgangur á
laugardagstónleikana.

**21. júlí fimmtudagur kl. 21.00 Reykjahlíðarkirkja -
Aðgangseyrir kr. 2000.-**



**Dúó Funi; Bára Grímsdóttir og
Chris Foster.**
Þau flytja íslensk og ensk
þjóðlög, sálma og rímur, sungin
og leikin á gítar, langspil og
kantele.

**23. júlí laugardagur kl. 21.00 Reykjahlíðarkirkja
Þórarinn Stefánsson, píanó.**

**Á efnisskrá eru píanóverk, samin út frá íslenskum
þjóðlögum og
útsetningar þjóðlaga
eftir fjölmörg íslensk
tónskáld.**

Aðgangur er ókeypis, en
frjáls framlög eru vel
þegin.



**Kæra sóknarfólk í Laufásprestakalli
og landsmenn allir!**



Nú skal minnt á árlega Þönglabakkamessu 24. júlí
næstkomandi. Hún hefst kl. 14.00. Búið er að opna fyrir
umferð út í Fjörður og hægt að keyra að Tindriðastöðum
(reiknað með 90 mín) og ganga yfir í Þorgeirsfjörð c.a. ganga í
klst. Þá er líka hægt að taka bátinn Knörrinn sem fer frá
Grenivík kl. 10.00 og siglir fyrir Gjögurtá og í Þorgeirsfjörð
(dásamleg upplifun). Sigling kostar 8000 kr. á mann og 4000kr.
fyrir 6-15 ára (jafnvel hvalir á leiðinni). Knörrinn tekur 35
manns. Endilega sendið Laufásklerki sem fyrst pantanir á
bolli.petur.bollason@gmail.com Söngvaskáldið [Svavar](#)
[Knútur](#) syngur við messuna m.a. Næturljóð úr Fjörðum. Hjónin
Bollí Pétur Bollason og [Sunna Dóra Möller](#) flytja
samtalsprédikun og þjóna við athöfn.

Kleinukaffi að lokinni stund.

Verið öll hjartanlega velkomin og

Frelsarinn gefur svo veðrið blítt.



Fornir fimmtudagar – Leirhöfn á Melrakkaslétu

Fimmtudagskvöldið 21. júlí klukkan 18:30 leiðir Niels Árni Lund gesti um Leirhöfn og segir sögu staðarins. Rölt verður um svæðið –komið við á bæjum og bæjarstæðum – sest niður – spjallað og gestirþiggja kaffisopa innan húss eða utandyra eftir því hvernig viðrar.

Áætlaður tími 2 – 3 klukkustundir.
Þátttaka er gjaldfrjáls og öllum heimil.

Hið þingeyska fornleifafélag.



Matarskemman er opin á eftirfarandi tímum:

Laugardaga frá 14-17 og mánudaga og miðvikudaga frá 17-20.

Nautakjöt, silungur, bacon, sultur o.fl. frá Vallkoti.

29.tbl.
21. júlí
2016
23. árg.

Hlaupastelpan

hlaupastelpan@isl.is,s:4643366/gsm:8953386



Góðu lesendur og auglýsendur

Vegna breyttra aðstæðna í póstburðarmálum þá verður útgáfudegi Hlaupastelpunnar flýtt um einn dag, þ.e. aftur á góða gamla útgáfudaginn **miðvikudag**.

Hlaupastelpan mun framvegis koma út á **miðvikudögum** og því verður að skila auglýsingum **fyrir kl. 15: 00 á mánudögum**.

Með kveðju

Útgáfufreyja

Dagný Pétursdóttir

Sumartónleikar við Mývatn 2016

24. júlí sunnudagur kl. 21.00 Skútustaðakirkja - Aðgangseyrir kr. 2000.-
25. júlí mánudagur kl. 21.00 Reykjahlíðarkirkja - Aðgangseyrir kr. 2000.-

Dúó Custos; Jóhanna Halldórsdóttir, altsöngkona og Helga Aðalheiður Jónsdóttir, blokkflautuleikari.

“Logar á fifustöngum” er söngdagskrá með sálmum og þjóðlögum sem tengjast árstíðum ásamt hljóðmynd eftir Hilmar Örn Hilmarsson.

einnig flytja þær 14. aldar dúetta eftir franska tónskáldið de Machaut.

